

Ársskýrsla
AE starfsendurhæfingar



2023

Efnisyfirlit

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur	3
Grundvallarmarkmið	3
Stjórn félagsins	3
Starfsfólk	3
Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni	3
Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar	4
Markmið	4
Námskeið	4
Listanámskeið	4
Leiklist/spuni	5
LAN	5
Skák	5
Tungumálakennsla	5
Söngur	5
Spil	5
Jafningjaspjall	5
Saumar	5
Hreyfing dans og jóga	5
Tölvunámskeið fyrir byrjendur	6
Ýmsar uppkomur	6
Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur	7
Árangursmat	7
Starfsdagur	7
Úttekt	7
Samningur við Vinnumálastofnun	9
Samningur við Reykjavíkurborg	11
Verkefni 1 og 3: Fræðsla, ráðgjöf, jafningjastuðningur og úttektir	11
Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka	13
Virgni utan Hlutverkaseturs	13
Fótboltaverkefnið FC Sækó	14
Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök	15
Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum ...	16
Þakkir stjórnar	18

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu, styðja fólk til þess að ná tókum á hlutverkunum á ný eða uppgötva önnur. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði líkansins um iðju mannsins (MOHO) með áherslu á valdeflingu. Lögð er til þekking og reynsla jafningja og fagfólks og unnið er út frá jafningjagrunni. Samstarfið byggist á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Virkni er styrkt með ýmis konar iðju, s.s. listsköpun, verkefnavinnu, námskeiðapátttöku og sjálfböðastarfi. Þessi starfsemi fer að mestu fram í virknimiðstöðinni Hlutverkasetri í Borgartúni, sem er starfrækt af AE starfsendurhæfingu. Hluti starfsins fer fram fyrir utan húsnæðið eins og fótboltahópurinn FC sækó, sjósund, menningar-, sund- og gönguferðir. Þar að auki eru veitt atvinnutækifæri við að vinna sem jafningi innan setursins, stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgni þegar við á. Einnig er hægt að fá stuðning við að hefja nám á ný og eftirfylgd á meðan námi stendur.

Stjórn félagsins

Sæunn Stefánsdóttir var formaður stjórnar og Þórólfur Árnason varaformaður. Aðrir í stjórn voru Andri Árnason, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir og Þór Sigfússon. Varamenn voru Erik Brynjar Schweitz Eriksson og Elín Ebba Ásmundsdóttir. Stjórnin fundaði fjórum sinnum á árinu. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir hætti í stjórn í lok árs.

Starfsfólk

Árið 2023 störfuðu 10 starfsmenn í sex stöðugildum í Hlutverkasetri, þau Anna Henriksdóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Helga Ólafsdóttir, Jón Ari Arason, Kremena P. Demireva, María Gísladóttir, Malva Valkyrja Gimeno og Óskar Ögri Birgisson. Sigurborg Sveinsdóttir iðjuþjálfari hóf störf á árinu. Bergþór G. Böðvarsson hætti á árinu en hann tengist enn starfseminni í gegnum störf sín hjá Batamiðstöð LSH, Bataskólanum og Geðheilsuteymi austur og kemur reglulega með skjólstæðinga í heimsóknir.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni

Hlutverkasetur hefur frá upphafi tekið iðjuþjálfanema í starfsnám. Nemarnir hafa jafnt verið íslenskir sem og erlendir skiptinemar. Að auki leita nemendur í öðru framhaldsnámi á háskólastigi til Hlutverkaseturs til gagnaöflunar. Hrafnhildur Njálisdóttir, nemi við iðjuþjálfun í HA, var við störf í Hlutverkasetri frá ágúst til október á árinu. Þrír norskir iðjuþjálfanemar komu í maí til að kynna sér starfsemina sem og nemandi í iðjuþjálfun frá Næstved í Danmörku sem hluta af verkefni í sínu námi. Nemi í sjúkraliðanámi tók Hlutverkasetur fyrir í sínu verkefni og tók viðtöl við starfsmann og skjólstæðing.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið

Markmið Hlutverkaseturs er að aðstoða þátttakendur við að auka lífsgæði sín, komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, hefja og/eða ljúka námi, finna sér vettvang í hlutverkum sem hafa þýðingu og gildi fyrir þá, eða stunda sjálfboðaliðavinnu. Ríkur þáttur í starfinu er að efla félagsleg tengsl og rjúfa einsemd. Starfsemin byggir á því að efla trú einstaklinga á eigin áhrifamátt og getu. Að þátttakendur geri sér ljóst að sú iðja sem þeir taka sér fyrir hendur, fólkið sem það umgengst og umhverfisþættir hafi áhrif á heilsu og vellíðan þess.

Sérstaða Hlutverkaseturs er sú að öllum er velkomið að taka þátt og/eða hjálpa til, t.d. með því að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra. Ekki er þörf á tilvísun frá lækni eða öðrum fagaðilum til þess að mega taka þátt í starfinu. Mæting er á forsendum hvers og eins sem og tímalengd verunnar í Hlutverkasetri.

Námskeið

Í ár voru 54 (52) námskeið haldin á árinu, innan sviga eru tölur frá 2022. Hluti af starfsemi Hlutverkaseturs hefur verið í höndum sjálfboðaliða. Tala virkra sjálfboðaliða var 12 (14). Dæmi um sjálfboðaliðastarf er; súpueldhús, handavinnuhorn, jóga, söngstund, skák, LAN og borðtennis.

Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess. Fjallað verður ítarlega um myndlistina hér að neðan.

Dæmi um námskeið:

- Leiklist/spuni
- dans
- jóga-leikfimi
- fótbolti
- LAN, tölvusamspil
- sund
- gönguhópur
- handavinnuhorn
- sjósund
- skák
- súpueldhús
- tónlistarklúbbur
- fjölbreytt listanámskeið
- tölvuaðstoð

Listanámskeið

Listahátíðin List án Landamæra valdi Listahóp Hlutverkaseturs hóp ársins 2023. Sú viðurkenning og titill litaði starfsemina á árinu. Mikil aukning var á listnámskeiðunum en yfir árið hafa um 90 (60) manns notið leiðsagnar Önnu Henriksdóttir í listasmiðjunni. Alla daga vikunnar voru fjölbreytt listanámskeið. Áherslan í ár var að skapa listaverk sem tengdust *"Fíflast með fíflum - leið til geðræktar"*

Í janúar var hannað myndaalbúm um alla þá listviðburði sem haldnir hafa verið á vegum Hlutverkaseturs bæði sýningar innan setursins sem og utan þess á undanförunum 12 árum. Í júní var prentuð litabók eftir níu listamenn úr listahópnum sem fór í sölu í október. Hópurinn var með sýningu í Bókasafni Kópavogs í september og basar í desember. Einnig var basar í Ráðhúsinu í nóvember og þetta var allt í tengslum við List án Landamæra. Í saumastofunni voru saumaðar töskur, gerðar húfur, merkimiðar o.fl sem tengist *"Fíflast með*

fíflum - leið til geðræktar", hrekkjavökuskraut og jólaföndur. Einnig var í boði að taka þátt í Inktober í hádeginu í október og skrautskrift í hádeginu í nóvember. Listasýningar innan Hlutverkaseturs. Engar listasýningar voru innan Hlutverkaseturs vegna mikillar virkni utan setursins. Mörg listaverk voru þó sýnd innanhúss án þess að það væri eftir sérstakan listamann eða þema.

Leiklist/spuni

Spuni (4-6) gefur fólki tækifæri að spreyta sig í alls kyns aðstæðum. Innan sviga eru fjöldi þátttakenda í hvert skipti. Spuni þetta árið var í höndum eins starfsmans sem kemur frá íbúðakjarna og er dæmi um samvinnu á milli íbúðakjarna og Hlutverkaseturs.

LAN

LAN (4-5) er tölvuleikur í rauntíma leikinn með samtengdum tölum. Einstaklingar sem nýtt hafa starfsemi Hlutverkaseturs hafa tekið yfir utanumhald. Lanið lá niðri eftir sumarfrí og endurnýja þurfti tækjabúnaðinn til að fylgja eftir tæknilegum breytingum. Þeirri vinnu lauk í lok nóvember.

Skák

Tveir gestir frá Vin mættu einu sinni í viku og kenndu skáklistina, sem hluta af samstarfi á milli staðanna (4-8). Flestir sem mæta í skáklúbbinn búa í íbúðakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar og hafa verið virkir í skák í Vin.

Tungumálakennsla

Spænsku og frönskukennsla (3-10). Kennt var einu sinni í viku. Aðaláherslan var á að hafa gaman; hlusta á tónlist, horfa á myndir og læra einstaka orð og setningar til að bjarga sér. Kennarar kenna á sínu móðurmáli.

Söngur

Söngstund var einu sinni í viku (4-8). Tekin voru fyrir þekkt lög með gítarspili. Hópurinn kom fram í Bókasafni Kópavogs og söng nokkur lög við góðar undirtektir.

Spil

Boðið var upp á borðspil alla daga vikunnar (3-7). Ýmis spil voru spiluð. Nokkuð stöðugur hópur hefur stundað spil reglulega og sumir koma einungis til að taka þátt í því.

Jafningjaspjall

Jafningjaspjall hófst í september einu sinni í viku sem jafningastarfsmenn sjá um (4-8).

Saumar

Tvisvar í viku var boðið upp á léttan saumaskap og viðgerðir (1-2). Saumastofan tók einnig þátt í að hanna og útfæra vörur sem voru seldar á markaðinum. Þar voru innkaupapokar og húfur helsta verkefnið og engin poki var eins.

Hreyfing dans og jóga

Jóga og Zumba (4-10) var fjórum sinnum í viku sem Anna Margrét og Kremena héldu utan um.

Tölvunámskeið fyrir byrjendur

Námskeið (6-7) í notkun tölvu, umhverfi hennar og möguleikum.

Ýmsar upptökur

Trausti Ólafsson hélt fjögur psykodrama námskeið, tvö á vorönn og tvö á haustönn. Þátttakendur voru samtals 16.

Hrekkjavökupartý var haldið í október þar sem ýmsar furðuverur vöknudú til lífsins og krydduðu upp á tilveruna. Þátttakendur voru 36.

Anna Henriksdóttir bauð aftur upp á brúðuleikhús á Hrekkjavökunni. Aðeins einn gestur gat fylgst með í einu. Leikritið hét *Teboðið*. Leiksviðið var í kassa í anda götuleikhúss frá Mexíkó (1986 Lambe lambe box). Anna sýndi 17 sýningar við mikla undrun og hrifningu gesta þar sem þetta var einstök upplifun.

Geðhjálp hélt sjö fræðslufundi í Hlutverkasetri á árinu.

Gunnar Kvaran sellóleikari hélt lítinn konsert í september þar sem 20 manns mættu.

Starfsdagur var haldin að venju þar sem gerður er dagamunur og starfsemin rædd og tengsl eflað og tóku 40 manns þátt.

Litlu jólin voru haldin í desember þar sem söngur og leikgleði léku aðalhlutverkið. Lúðrahljómsveit mætti, öryrkjauppistand, samsöngur, látbragðsleikur og dagurinn endaði með allsherjar hópans þeirra 45 einstaklinga sem mættu yfir daginn.

Kvennaverksfall. Kvenkyns starfskonur lögðu niður störf 24.okt á Kvennafrídaginn og hittumst í morgunverð áður en þær fóru niður í bæ til að undirstrika mikilvægi jafnréttis. Karlkyns starfsmenn sáu um að halda starfseminni gangandi.

Heimsókn til forseta Íslands. Listahópur Hlutverkaseturs (15) var boðið ásamt fulltrúum frá List án Landamæra til Bessastaða.

Samtal. Hlutverkasetur hósti fund sem geðsvið Landspítalans hélt í lok október til að koma á samtali á milli geðsviðs og notenda. Það var vel mætt (32) og góðar umræður. Mikilvægustu breytingar sem fólk vildi sjá eru ekki endilega kostnaðarsamar heldur snúa að framkomu við sjúklinga og að breyta menningu inn á sviðinu. Manda Jónsdóttir mætti fyrir hönd LSH og skráði athugasemdir hjá sér.

Bókaútgáfur. Tvær bækur voru gefnar út á árinu af höfundum sem tengjast Hlutverkasetri.

Isabelle Millton heimspekikennari frá Frakklandi hélt námskeið sem 20 nýttu sér um hvernig hægt er að nýta sér heimspeki í daglegu lífi.

Berglind, Elín Ebba, Malva og Sigurborg, tóku á móti þátttakendum frá Leaders' Quest. Leaders' Quest bjóða hópum og einstaklingum upp á nýsköpun og mismunandi nálganir í mannrækt. Hlutverkasetur var valið eitt af fyrirtækjunum sem þau heimsóttu. Um 20 manns frá ólíkum löndum mættu og kynntust starfsemi Hlutverkaseturs með sérstaka áherslu á jafningjanálgun. Í framhaldinu var þeim boðið upp á að taka þátt í online verkefnum á vegum Light.

Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur

Fjölmargir starfsmannahópar og einstaklingar koma á hverju ári til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að auka samstarfið á milli staða. Einnig hafa stórir sem smáir hópar komið erlendis frá. Þetta árið komu starfsmenn (8) frá Reykjavíkurborg í kynningu í mars og þrír nemar í sjúkraliðanámi komu einnig til að kynna sér starfsemina í sama mánuði. Starfsmenn (3) frá íbúðakjarna fyrir einstaklinga með alvarlega geðsjúkdóma í Mosfellsbæ komu í kynningu í maí. Starfsfólk frá Kristnesspítala á Akureyri (5) fór í vettvangsleiðangur til Reykjavíkur og kynnti sér m.a. starfsemi Hlutverkaseturs. Einnig kom starfsfólk og skjólstæðingar (12) Virkniús í kynningu.

Árangursmat

Úttektir og mat á árangri Hlutverkaseturs eru starfseminni mikilvæg. Iðjuþjálfanemar í starfsnámi frá heilbrigðisvísindasviði HA og erlendir iðjuþjálfanemar, hafa lagt árangursmat fyrir notendur Hlutverkaseturs sem hluta af sínu starfsnámi í gegnum árin. Matsaðferðir hafa verið fjölbreyttar s.s. viðtöl, spurningalistar, rýnihópar o.fl. Úrvinnsluaðferðir eru ýmist eigind- eða meginlegar. Í ár lagði iðjuþjálfaneminn Hrafnhildur Ásta Njálisdóttir tvær spurningar fyrir 20 þátttakendur í Hlutverkasetri eins og vikið verður nánar að hér neðar. Fyrsta spurningin var: *Ef þú gætir ráðið, hvernig myndir þú byggja upp draumaþjónustu til að hjálpa þér með þína erfiðleika?* Sú seinni var: *Hvernig finnst þér Hlutverkasetur koma til móts við það?*

Starfsdagur

Sú hefð hefur skapast að hafa starfsdag einu sinni á ári þar sem teknir eru fyrir ákveðnir þættir í starfseminni til að fá svörun hvernig til hafi tekist í starfseminni á árinu. Rúmlega 40 manns mættu 21. september. Fyrir hádegi voru umræður um starfsemina og eftir hádegi tóku jafningastarfsmenn yfir og gáfu þátttakendum tækifæri að gera æfingar sem þeir höfðu lært á námskeiði fyrr um árið. Flestir voru ánægðir með mikla virkni utan húss í tengslum við List án landamæra og var sérstök ánægja með að taka þátt í verkefnum sem eru sýnileg almenningi. Þátttaka í List án landamæra hefur því verið afar mikilvægur hluti að gera starfsemi Hlutverkaseturs sýnilega fyrir almenningi.

Úttekt

Hrafnhildur Ásta Njálisdóttir iðjuþjálfanemi tók viðtal við 10 konur og 10 karla. Aldurinn var á bilinu 20-70 ára og meðalaldurinn var 48 ára. Meðalfjöldi ára sem fólk hafði notað þjónustu í Hlutverkasetri var fjögur ár. Svarendur komu ekki með neina ákveðna sýn á hvernig þeir vildu hafa draumaþjónustu. Ákveðin þemu komu hins vegar fram hvað væri mikilvægt almennt í þjónustu og í starfsemi Hlutverkaseturs. Yfir heildina lögðu þau áherslu á mikilvægi jafningastuðnings, að vera velkomin og geta verið þau sjálf og sleppa að setja upp grímu. Í draumaþjónustu væri boðið upp á virkni til að fá farveg fyrir styrkleika og tækifæri að stunda áhugamál. Fagaðilar kæmu fram við skjólstæðinga með virðingu og sem jafningja. Stuðningur væri til að komast í vinnu eða endurhæfingu og gott aðgengi væri að þverfaglegum hópi starfsfólks. Margir

töluðu um að mikilvægt væri að hafa tengsl á milli Hlutverkaseturs og annara staða eins og heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Þjónustan væri ein heild sem samfella væri á milli.

Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir frá viðmælendum. *Fyrir mér er draumþjónusta svipuð Hlutverkasetri... Þar kemur fólk inn á eigin forsendum og fær að vera það sjálft og tekur ábyrgð á eigin bata... Fyrir mér er draumþjónustan samþætt þjónusta. Þar er boðið upp á sálfræðiaðstoð, geðþjónustu, iðjubjálfun, sjúkrabjálfun, notendastuðning og almennt er fólk til staðar... Það verður að passa að fólk falli ekki á milli í kerfinu. Fólk verður oft háð kerfinu og reynir ekki að komast út úr því og festist í veikindum þó það hafi getu til annars... Ég myndi vilja að örorkubætur myndu virka þannig að þegar fólk þorir að prófa aftur að fara að vinna eftir andleg eða líkamleg veikindi geti það farið strax aftur á örorku um leið og það verður veikt aftur. Annars þorir fólk ekki að fara aftur að vinna því umsóknarferlið tekur svo langan tíma... Þar þarf að efla mannleg samskipti þar sem fagaðilar bera virðingu fyrir skjólstaðingum og hafa reglurnar aðeins sveigjanlegri varðandi réttindi til þjónustu. Þá er ekki hætt við hópa og dagskráliði... Einnig myndi ég vilja sjá skjólshús fyrir fólk sem vill ekki leggjast inn á geðdeild þar sem væri boðið upp á jafningjastuðning, það væri notendastýrt og þar væri hlustað á mann.*

Viðmælendur voru flestir ánægðir með þátttöku sína í Hlutverkasetri enda frjáls mæting og þeir sem eru ónægðir mæta ekki. Jafningjatengsl og stuðningur nefndu flestir að væru það besta við Hlutverkasetur. Síðan kom frelsi til að velja sjálfur hvenær væri mætt og hversu oft væri komið. Það sem þeir drógu helst fram sem kosti var að geta verið þeir sjálfir á staðnum og þurfa ekki að setja upp grímu og þykjast vera eitthvað annað en þeir eru. Fólk fannst félagsskapurinn einnig góður og gott að eiga samleið með fólk sem glímir við svipuð vandamál. *Allir eru jafnir hér, sagði einn. Þar get ég myndað ramma í líf mitt og rútínu, sagði annar. Viðmælendur töluðu um að þeir fengju að njóta sín á staðnum og sinna áhugamálum sínum, fengju góðan stuðning og kunnu að meta þetta frelsi sem ríkir. Hlutverkasetur er með fullkomið jafnvægi milli skipulags og óreiðu sem mér líður vel í. Staðurinn hindraði félagslega einangrun. Kom mér út úr húsi. Það var í lagi að vera misupplagður og ekki ráða við hluti. Nokkrir áréttu hve gott það væri að geta haldið sér virkum og fá hlutverk í að láta gott af sér leiða. Í Hlutverkasetri eru allir velkomnir sama hver reynsla þeirra er, þar er góður stuðningur, þar er gott að efla sig í endurhæfingu og þar er eftirfylgd. Þar var ég gripinn strax og gefið hlutverk sem í raun bjargaði mér áður en geðheilsan mín hefði getað versnað enn meira.*

Ekki var neitt sérstakt sem viðmælendur voru sammála um að mætti betur fara í starfseminni. Eftirfarandi er allt sem viðmælendur töldu upp sem skorti eða mætti betur fara; skorti fleira fagfólk, aðgengismál ekki í lagi, meiri fræðsla, fylgja betur eftir nýju fólk, bjóða upp á starfsemi á kvöldin, of mikið umburðarlyndi gagnvart fólk sem er í neyslu, of opinská umræða, vildu að fólk væri aðstoðað betur að setja mörk, meiri fjármagn, meiri tengsl við atvinnulífið, betra kaffi og flottari hluti skorti.

Samningur við Vinnumálastofnun.

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi stendur úrræðið til boða þeim sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Í öðru lagi að aðstoða einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf/hlutverk við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Úrræðið hentar vel þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum.

Starfsemin er kynnt tvisvar í viku en að auki er tekið á móti fólki í kynningu utan auglýst tíma. Fyrir árið 2023 var fjöldinn svipaður og árið á undan. Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar og uppfylla skilgreiningu þjónustuflokka 1–5 voru 166 (160) einstaklingar. Innan sviga fjöldinn frá fyrra ári. Í hverjum mánuði komu 55-83 (65-88). Kynjahlutfallið breyttist á milli ára, hlutfall karla jókst 72 (61), hlutfall kvenna minnkaði lítillega, 92(97) og þeir sem skilgreina sig á annan hátt voru tveir. Staðan fyrir síðasta ár er því líkara fyrri árum að undanskildu árinu 2022. Einstaklingar sem þurfa mikinn stuðning tilheyrja efstu flokkunum og svo eftir sem þörf á stuðningi minnkar, lækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2–4 (tafla 3). Aldursdreifing er nokkuð jöfn, sjá töflu 2. Þegar framfærsla er skoðuð eru flestir þátttakendur á örorkubótum og endurhæfingarlífeyri 57% (95) árið á undan voru það 79% (126), sjá töflu 4. Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík 79% (131) svipað og fyrri ár. Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda. Þeir sem koma á eigin vegum voru 52% (86) samanborið við 48% (79) 2022. Aðrir komu að áeggjan fagaðila af geðsviði LSH, Geðheilsuteyma heilsugæslunnar og annarra fagaðila 35% (60).

Komur, aldur og kynjahlutfall


	2023	2022
Einstakl. á ári	166	160
Einstakl. á mán.	54-83	65-88
Meðalaldur	46	46
Karlar	72	61
Konur	92	97
Annað	2	2

Tafla 1

Aldursdreifing þátttakenda

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-29	22	13,3
30-39	32	19,3
40-49	50	30,1
50-59	38	22,9
60+	24	14,5
Alls	166	100

Tafla 2



Tafla 3

Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Þátttakan leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Alltaf eru einhverjir sem þurfa eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2	40	34	40	34	35	26	20	24	29	39	36	33
3	25	28	28	31	28	29	21	21	23	21	23	15
4	13	15	15	15	16	15	13	13	14	11	8	6
5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls	78	77	83	80	79	70	54	58	66	71	67	54

Innkoma

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnaleysibætur	11	7
Örorkubætur	95	57
Endurhæfingarlífeyrir	33	20
Félagsstyrkur	4	2
Vinna	8	5
Óþekkt	7	4
Sjúkradagpeningar	6	4
Nemi	2	1
Samtals	166	100

Tafla 4

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	7	4
LSH	17	10
VMST	0	0
Á eigin vegum	86	52
Önnur úrræði	9	5
Virk	4	2
Aðrir fagaðilar	34	20
Geðheilsuteymi	9	5
Samtals	166	100

Tafla 6

Búseta þátttakanda

Búseta	Fjöldi	%
Reykjavík	131	79
Kópavogur	11	7
Garðabær	4	2
Hafnarfjörður	9	1
Mosfellsbær	2	3
Seltjarnarnes	2	1
Reykjanesbær	2	1
Vogar	0	0
Annað	5	3
Alls	166	100

Tafla 5

Samfélagsþátttaka

Samfélagsþátttaka	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	91	55
Vinna	8	5
Nám	5	3
Önnur úrræði	20	12
Annað	42	25
Bið	0	0
Samtals	166	100

Tafla 7

Samningur við Reykjavíkurborg

Samningur AE starfsendurhæfingar/Hlutverkaseturs og Reykjavíkurborgar var gerður til þriggja ára 2022 - 2024. Skipting styrksins á milli verkefna er samkomulagsatriði og gerð í samráði við þjónustukaupanda eins og gert hefur verið síðastliðin ár. Samningurinn fyrir árin 2022-2024 var svohljóðandi:

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningastuðningur.

Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka.

Verkefni 3: Úttektir.

Verkefni 1 og 3: Fræðsla, ráðgjöf, jafningastuðningur og úttektir

Bergþór G. Böðvarsson sá um NsN úttektir fyrir hönd Hlutverkaseturs frá 2010-2022. Bergþór hætti í byrjun árs 2023 og jók starfshlutfall sitt á Geðheilsumiðstöð austur Hann gerði eftirfarandi samantekt um NsN verkefnið: Fyrstu þrjú árin gengu mjög vel, margir notendur fengu mikilvæg hlutverk í gegnum þátttöku í NsN verkefninu og sumir höfðu tekið þátt í því frá upphafi þegar að úttektir voru gerðar á þremur geðdeildum Landspítalans 2005. Eins var mikill áhugi á NsN verkefninu á meðal forstöðumanna/deildarstjóra búsetukjarnanna sem studdu vel við verkefnið og tóku

þátt í að kynna það og verkefnin sem fram undan voru. Í þessum fyrstu úttektum var NsN aðferðin notuð til að kanna hvernig íbúar/notendur upplifðu þjónustu kjarnanna almennt. Frá 2013 minnkaði áhuginn og nýtt fólk kom til starfa á íbúðakjörnunum sem ekki var jafnt áhugasamt fyrir verkefninu og stuðningur minnkaði. Ekki voru neinar NsN úttektir gerðar á búsetukjörnum frá 2013-2016. Meiri áhersla var lögð á fræðslu í tengslum við valdeflingu, fordóma, mismunun, réttindi og skyldur, notendasamráð, kynningu á úrræðum, virkni og fleira. NsN úttektir byrjuðu aftur 2016-2022 og var síðasta úttektin gerð á tímabilinu 2019-2022. Í úttektum var m.a. skoðað hvort íbúar höfðu hug á sjálfstæðri búsetu eða meiri eða minni þjónustu en í boði væri á kjörnunum. Einnig var skoðað hvort íbúar/notendur vissu hvað valdefling væri, hvort þeim fyndist unnið eftir því á búsetukjörnunum. Covid hamlaði verkefninu. Ekki var hægt að fara á staðina og íbúar sýndu lítinn áhuga á að nýta sér fjarbúnað og tengsl náðust því ekki.

Niðurstöður NsN úttektarinnar frá 2019 – 2021 þar sem talað var við starfsmenn og íbúa á fjórum búsetukjörnum var fylgt eftir 2023. Skoðað var hvort starfsmenn gætu nýtt áhugamál sín með íbúum. Þeirri hugmynd var fylgt eftir og skoðað hvaða aðstöðu Reykjavíkurborg biði upp á og eins að hægt væri að nýta sér aðstöðuna í Hlutverkasetri. Ráðgjafi í vettvangsgeðteymi Reykjavíkurborgar ætlaði síðan að finna áhugasama starfsmenn. Byrjað var á að styðja við smíðaaðstöðuna SmíRey sem er staðsett í neðra Breiðholti. Sá staður var illa nýttur. Einn starfsmaður frá Hlutverkasetri ásamt sjálfboðaliða fór einu sinni í viku með nokkra þátttakendur (2-4) á staðinn. Prófað var í nokkra mánuði að bjóða upp á veru tvisvar í viku til að athuga hvort það myndi gefa betri raun. Markmiðið var að íbúðakjarnar tengdi einn og einn íbúa við staðinn og starfsmaður kæmi með sem hefði áhuga. Forstöðumenn í gegnum vettvangsteymið voru ítrekað látnir vita að engir íbúar voru að koma. Önnur hindrun var að tengiliður Reykjavíkurborgar sem var á staðnum gat ekki gefið þann stuðning sem til þurfti. Þar sem engir íbúar mættu var ákveðið að hætta þessu í október.

Sú reynsla sem hefur skapast eftir þessi ár er að allir verða að taka þátt og hafa áhuga á NsN verkefninu. Verkefnið gefur íbúum tækifæri á að segja skoðun sína á meðal jafningja og gefur atvinnutækifæri þeim sem taka þátt að vera úttektaraðilar. Til að svona gangi verða forstöðumenn að styðja við verkefnið með að senda starfsmenn og finna áhugasama íbúa annars gerist ekkert. Við erum tilbúin í þetta samstarf aftur en þurfum stuðning forstöðumanna þar sem við höfum ekki forræði yfir starfsmönnum né vitum af áhugasömum íbúum.

Næst var auglýst iðja sem vitað var að áhugi var á meðal íbúa. Það var hlutverkaspilið D&D, tónlistariðkun og LAN. Vettvangsteymið fylgdi auglýsingunni eftir og hafði samband við forstöðumenn hina ýmsu kjarna. Hlutverkasetur sendi einn starfsmann einu sinni í vikur í Klúbbshúsið í Grafarvogi ásamt skjólstæðingi. Báðir eru fyrrverandi tónlistamenn. Fólk frá Hlutverkasetri mætti í nokkra mánuði í Klúbbshúsið en engin íbúi nýtti sér tímana. Góð þátttaka varð í D&D. Tíu manns sýndu áhuga og engin datt út til að byrja með. Sjö voru virkir allt árið. Starfsmaður sem þegar hefur verið í samvinnu við Hlutverkasetur tók að sér D&D verkefnið og stjórnaði hópnum einu sinni í viku 3 til 4 tíma í senn. Ólíkir íbúar tóku þátt og höfðu úthald í lengri tíma sem sýnir að getan eykst ef það tengdist áhugasviði þeirra.

Forstöðumenn frá tveimur kjörnum studdu vel við þetta verkefni. Annar með að finna áhugamál og stinga upp á iðju og hinn með því að starfsmaðurinn fékk að fara í sínum vinnutíma ef það rakst á vaktir til að viðhalda rútínu að alltaf var hist á sama tíma. Viðkomandi starfsmaður mætti síðan á sínum frítíma til að aldrei dytti út tími. Þetta verkefni sýnir að þetta er hægt, en þá þurfa mörg atriði að ganga upp. Áhugi hjá íbúum, áhugi hjá starfsmanni og stuðningur frá forstöðumanni. Eins þarf að koma á einhvers konar tímagreiðslu ef starfsmaður er að koma í sínum frítíma.

Sex tölvur sem tengjast tölvuleikjum voru uppfærðar í nóvember svo sú iðja var tekin upp aftur. Fulltrúi frá rafrænum íþróttum mætti og er tilbúin að styðja við starfið ef myndast hópur sem vill keppa. Reynsla að auglýsa, hringja og senda tölvupósta til hinna ýmsu kjarna hefur litlu skilað. Forgangsröðun og áherslur eru eflaust ólíkar og þátttaka í ýmiss konar iðju mætir kannski afgangi í innra starfi kjarnanna. Haldið verður áfram að finna leiðir að virkja starfsmenn og íbúa í samstarfi við vettvangsgeðteymið. Notendur frá Hlutverkasetri hafa mætt í íþróttahús fatlaðra tvisvar í viku sem hefur einnig tekist vel og tengiliðurinn þar er ráðgjafi vettvangsgeðteymisins.

Fundað var nokkrum sinnum varðandi iðju í úrræðum Reykjavíkurborgar. Með aðstoð Andra, Bergþórs, Helgu og Sigurbjarnar var komið var á tengingu við SmiREy og Klúbbhúsið Grafarvogi. Ebba var fulltrúi um málefni Vinjar, fundað var í þrjá mánuði einu sinni í viku ásamt fulltrúm frá Vin og Reykjavíkurborg. Ebba hélt erindi um valdeflingu fyrir forstöðumenn Rvk í desember.

Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka

Frá áramótum hafa 25 (20) einstaklingur verið skráðir hjá Reykjavíkurborg, í tengslum við samfélagsþátttöku. Innan sviga eru tölur frá 2022. Um er að ræða 18 (15) karla og 7 (5) konur, þar af eru 19 (25) Íslendingar og 6 (1) af erlendum uppruna. Að auki hefur Sylviane Lecoultre aðstoðað nokkra einstaklinga (5) sem eru ekki í ofangreindum tölum. Það er fólk af erlendum uppruna sem ekki hefur vald á ensku né íslensku en talar frönsku. Hún hefur fylgt þessum fimm einstaklingum eftir í tengslum við atvinnuþátttöku.

Skrifað var undir samning við LSH að gera NsN úttekt á tveimur geðdeildum. Í þessu verkefni fengu fjórir tækifæri á að spreyta sig í vinnutengdum verkefnum.

Virgni utan Hlutverkaseturs

Í mars var viðhöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem kynnt var hvaða einstaklingar/hópar fengu viðurkenningu Listar án Landamæra. Stór hópur frá Hlutverkasetri mætti á viðburðinn (12) enda var hópurinn valinn listahópur ársins 2023. Mörg tækifæri sköpuðust vegna þessarar viðurkenningar. Í apríl var undirbúið götulistaverk. Um sumarið var málað með Götustriganum (5) sem hafði fengið styrk frá Reykjavíkurborg. Það fékkst leyfi að mála á stóran húsvegg sem tengdist göngustíg milli Laugavegs og Hverfisgötu. Annað vegglistaverk var svo pantað í framhaldinu sem var síðan eyðilagt. Kjarvalsstaðir bauð hópnum að vera með í að velja úr verkum eftir íslenska listamenn á pop up sýningunni Myndlistin þeirra á þeirra vegum. Kynning á valinu var auglýst. Sýningin á völdum listaverkum opnaði sama dag og aðalsýningu Hlutverkaseturs opnaði í Bókasafni Kópavogs á vegum Listar án Landamæra. Sýningagripir voru einnig settir upp í Náttúrugripasafninu og Gerðarsafni sem eru öll tengd Bókasafninu. Þar voru sýndar 60 teikningar og

vatnslitaverk, litabókin, bókverk, handverk, kort, skúlptúrar og steinar sem allt hafði tengingu við yfirskrift sýningarinnar "*Fíflast með fíflum - leið til geðræktar*". Sýningin stóð í sex vikur og vakti mikla athygli, við vorum með uppákomur í opnuninni; vinnusmiðjur og leiki fyrir börnin, tónlist, leikþátt og söng ásamt ræðu. Hópurinn var svo beðin um að vera með fleiri smiðjur í framhaldinu sem var gert. Auk þess var hópurinn með smiðju á Menningarnótt í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Hópurinn tók þátt í Karnivali í Kópavogi með skemmtilegri smiðju. Hluti hópsins mætti á blaðamannafund í Þjóðleikhúsinu þar sem hópurinn var kynntur og sagt frá fleiri viðburðum í tengslum við List án landamæra sem átti 20 ára afmæli á árinu

Hreyfing. Gönguferðir voru farnar frá Hlutverkasetri þrisvar sinnum í viku (3-7). Eins var farið í gönguferð einu sinni í viku (5-8) frá Salalaug í Kópavogi og í framhaldinu var farið í sundlaugina þar sem hin ýmsu mál voru krufin til mergjar. Sundhöllin var einnig nýtt einu sinni í viku sem og Nauthólsvíkin til sjósunds (2 – 6).

Bíóferðir. Farið var einu sinni í viku í Bíó Paradís. Björgvin sá um þær ferðir og sá til þess að sem flestir fengu notið góðs af. Fjórir fá að koma með í hvert skipti sér að kostnaðarlausu.

Leikhús, menningarferðir o.fl.

Nokkrir íbúar frá íbúakjörnum sem mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur eru leikhúsvinir. Það þýðir að ef Hlutverkasetri eru boðnir miðar í leikhús þá er haft samband við þá.

Hlutverkasetur hefur notið áframhaldandi góðvildar bæði Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins á árinu. Um er að ræða boð á lokaæfingar eða sýningar sem ekki er uppselt á. Fyrirvarinn er því oft stuttur en alltaf hefur náðst góð stemming og vel mætt. Við erum þakklátt fyrir þetta tækifæri til að vera virk í menningarlífinu, njóta þeirra geðræktar sem í þessu felst og geta tekið þátt í umræðum um sýningar sem vekja umtal.

Leikhúsferðir. Borgarleikhúsið: *Teprurnar* (40).

Þjóðleikhúsið: *Múttu courage* (35). *Alveg sama* (30). Plus nr 3 í þrileik Þjóðleikhússins (35).

Tjarnabíó: *Look at the music music meets sign langue & create new art forms* (10).

Töframáttur tónlistar. Menningarmargfætlan fór á tónleika sem Gunnar Kvaran heldur utan um á Kjarvalsstöðum (7), í Hafnarhúsi í október (6) og nóvember (5).

Matarklúbbur (7-10) hélt áfram á árinu. Farið er einu sinni í mánuði út af borða þar sem einn íbúi af íbúðakjarna hefur séð alfarið um. Facebook hópur var stofnaður þar sem kemur fram stað og stund í byrjun hvers mánaðar. Góð þátttaka hefur verið. Hópurinn er sjálfstæður og ýmsar óvæntar uppákomur fylgt með sem eru hópnum lærdómsríkar.

Saumaklúbbur (6). Nokkrar konur sem hafa kynnst í Hlutverkasetri í þrjónahópnum, hittust einu sinni í mánuði heima hjá hvor annari og þrjóna og njóta félagssaps hvor annarar.

Fótboltaverkefnið FC Sækó

Fótboltaverkefnið FC Sækó, geðveikur fótbolti er fyrir konur og karla sem glíma við geðrænar áskoranir og aðra áhugasama. Verkefnið er afrakstur af einni NsN úttektinni 2011 og er samstarfsverkefni á milli Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítalans. Æft var tvisvar í viku. Prufað var að hafa æfingu eitt kvöld í viku og athugað hvort áhugi væri að mæta á sunnudögum.

Það tókst ekki vegna dræmrar mætingar. Um tíu fótboltaáhugamenn eru virkir og mæta flestir einu sinni í viku. Tveir úr hópnum hafa séð alfarið um aðra æfinguna og í sumar tóku þeir yfir báða tímuna. Út frá fótbolthanum hafa myndast tengsl og þátttakendur hafa farið saman í bíó, keilu og fleira. Í sumar tóku 10 liðsmenn þátt í ReyCup Senior fórboltamóti sem haldið var á svæði Þróttar í Laugardalnum. Mótið var fjáröflunarmót fyrir FC Sækó þar sem nokkur old boys lið, íslensk og erlend tóku þátt. Tveir fundir voru haldnir vegna undirbúnings ferðar til Skotlands sem farin verður 2024. Reiknað er með að ca. 20 liðsmenn fari ásamt nokkrum erlendum Old boys liðum. Fundað var með forsvarsmönnum KSÍ sem mun styrkja ferðina og útvega keppnistreyjur.

Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur setur metnað sinn að eiga í góðu samstarfi við önnur úrræði og stofnanir til að þekking nýtist sem best á milli staða og til að meiri samfella og stuðningur sé við einstaklinga á milli úrræða. Eins hefur Hlutverkasetur tekið þátt í verkefnum sem hafa samfélagslegt gildi. Bergþór hætti á árinu og þá er ekki eins mikil tenging á milli staða. Því hans staða gaf ótal tækifæri til samvinnu. En það skilar sér að bæði hann og Andri sem vinnur nú hjá vettvangsgeðteymi Reykjavíkurborgar viðhalda þeim tengslum sem komið var á.

Samstarf við geðsvið LSH. Undirbúningur hófst varðandi NsN úttektir á tveimur geðdeildum. Sigurborg Sveinsdóttir leiðir verkefnið og tók við af Bergþóri sem hefur leitt Nsn úttektirnar frá upphafi, fyrst á LSH 2005 og síðan á hjá Reykjavíkurborg. Auk hennar taka jafningjastarfsmennirnir Jón Ari, Malva og Óskar þátt. Verkefnið er tilraunaverkefni og í upphafi verða tvær deildir í úrtakinu. Markmið verkefnisins er að ná auknum gæðum í geðþjónustunni með því að kanna hvað er gæðþjónusta að mati þeirra sem hafa þurft að nota þjónustuna. Með því að afla upplýsinga á jafningjagrunni er hægt að fá fram hvað það er sem notendum þjónustunnar finnst vera styðjandi við bata og hvað mætti gera betur. Þannig að notendur geti raunverulega haft áhrif á þróun og breytingar innan geðþjónustunnar.

Samstarf við búsetukjarna Reykjavíkurborgar. Samstarf heldur áfram og enn er verið að reyna að virkja starfsmenn svo þeir geti tengst Hlutverkasetri með skjólstæðingum út frá eigin áhugamálum og virkjað þannig íbúa. D&D hlutverkaleikjaspilið og Spuni lifðu góðu lífi allt árið sem starfsmaður Brietartúns sér um.

Samstarf við Vin. Tveir félagar í Vin, komu einu sinni í viku og kenndu skák. Það samstarf hélst nokkuð reglulegt yfir árið.

Samstarf við KPT senteret í Þrándheimi. Samstarf hefur verið í mörg ár milli KPT sem er notendastýrð þjónusta í Þrándheimi og Hlutverkaseturs í tengslum við NsN úttektir og aukin áhrif notenda í þróun þjónustu.

Intentional Peer support. Þessi aðferð tengist notendastarfsmönnum og býður upp á styttri námskeið en ekki formlegt nám. Fimm starfsmenn með notendareynslu sem vinna í Hlutverkasetri sóttu fyrsta námskeiðið hjá þeim 2023 og tveir af þeim fóru á framhaldsnámskeið í desember. Einnig var fundað var með Lisu og Ann-Marí með frekara samstarf í huga og komið á tengslum við rannsóknarfólk við HA og HÍ til að vinna að rannsóknarverkefnum til að kanna áhrif notendastarfsmanna.

Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum

Áhersla er lögð á að starfsfólk Hlutverkaseturs sinni endurmenntun með ýmsum hætti. Ráðstefnur, fræðslur og málþing á staðnum eða í gegnum netið voru nýttar. Tveir frá Hlutverkasetri voru í nefnd Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10. okt. Í ár var vegleg dagskrá í Bíó Paradís þar forsetinn tók til máls ásamt fleiri þungavigtarmönnum í samfélaginu. Einn fór úr nefndinni í viðtal í Mannlega þáttinn á Rás 1.

Anna Henriksdóttir: Fyrir utan að halda utan og sjá um allar uppkomurnar sem listahópurinn tók þátt í í tengslum við List án Landamæra tók hún þátt í portret kennslu með Stephen Lárus Stephens í olíumálun hjá Myndlistarskóla Kópavogs í mars. Hún aðstoðaði Leikhópin Perlan við gerð leikmuna og skuggamynda í tengslum við leiksýninguna Mjallhvít sem Bergljót Arnalds leikstýrði. Hún var á vatnslitánámskeiði hjá Emichaels Solovvey hjá Vatnslitafélagi Ísland. Hún var einnig í mastersnámi í brúðustjórnun hjá Bernd Ogrodnic. Anna sá einnig um að hengja upp sýningu á vegum Vatnslitafélags Íslands í Borgarnesi á haustmánuðum.

María Gísladóttir tók þátt í netnámskeiði í módel málun hjá Tom Shepherd. Hún stóð fyrir að Liz Chaderton vatnslitamálarari kom til Íslands og héldi námskeið í Vatnslitafélagi Ísland. Hún ásamt Önnu kynntu fyrir henni listsköpunina í Hlutverksetri.

Elín Ebba Ásmundsdóttir hélt áfram í stjórn Geðhjálpur og tók þátt í mörgum viðburðum í tengslum við það.

Greinar: Hún skrifaði tvær greinar sem birtust á visir.is *Mannréttindamiðuð geðheilbrigðisþjónusta* og *Geðveikir starfsmenn*.

Nefndarstörf: Hún var skipuð í nefnd á vegun Félags- og vinnumálaráðuneytisins í starfshóp um *Aukin náms og starfstækifæri fyrir fatlað fólk* í byrjun janúar. Hún tók einnig þátt í nefndarhópi nr.9 sem fjallaði um *Atvinnu- mennta og menningarmál* í tengslum við innleiðingu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Hún var einnig í starfshóp um aukin náms og starfstækifæri, atvinnumál, sí- og endurmenntun fyrir fatlað fólk. Hún var í starfshóp um *Hlutverk þjónustustofnana* sem Páll Matthíasson stýrði m.a. með fulltrúum frá geðsviði og heilsugæslunni.

Ráðstefnur og málþing: Hún sat ráðstefnu í janúar á vegum The Nordic welfair center sem nefndist: *User involvement in the Nordic Region/Raport; Brukarinflytandet i Norden*. Hún fór á vinnusmiðju *Hlutverk listarinnar* á vegum Spirit of Humanity í Lótushúsinu og í framhaldinu á þriggja daga ráðstefnu í Hveragerði í maí á þeirra vegum. Hún tók þátt í 15 ára afmælisráðstefnu *Virk* í maí. Hún var í undirbúningsnefndinni og sat í framhaldinu á tveggja daga ráðstefnu á vegum Geðhjálpur sem nefndist *Er þörf fyrir samfélagsbreytingar – nýjar leiðir að hugsa um geðheilbrigðismál*. Hún sat ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar sem fjallaði um *Alcohol and public health in the Nordic* í september á Grand hótél. Hún sat kynningafund um niðurstöður rannsóknar á fordómum í garð einstaklinga með fíknivanda sem Sigrún Ólafsdóttir hélt í nóvember og sat fræðslufund í desember á vegum ÍÍ þar sem Sólrún Óladóttir kynnti doktorsverkefnið sitt.

Fyrirlestrar/kennsla og námskeið: Í febrúar var hún með innlegg á *Samráðsþingi Landsáætlun um innleiðingu SRFF - Nýjar framtíðir*, þar sem tillögur allra vinnuhópa voru kynntar í Hörpunni. Hún fór í febrúar á vinnudag í Hvammsvík með starfsfólki

geðsviðs LSH til að kynna sér aðferðir *IPS jafningastarfsmanna*. Hún var með innlegg um mikilvægi jafningastarfsmanna á ráðstefnu sem norræna ráðherranefndin hélt í mars í Hörpunni *What is the potential for collaboration on Mental Health within the Small Countries Initiative?* Hún sat netræðstefnu í september sem World Psychiatric Association hélt sem nefndist *Alternatives to Coercion "Five top tips for implementing alternatives to coercion"*. Hún kenndi fyrir norðan í heilbrigðisdeild iðjubjálfunarfræða um *Mannréttindamiðaða geðheilbrigðisþjónustu*. Hún var með innlegg um áherslur Geðhjálp á starfsdegi sem athvörfin Dvöl, Vin, Lækur og Lautin héldu. Hún slóst síðan með þeim í vettvangsferð til að kynna sér nýjustu úrræðin á Kleppi.

Útvarpsviðtöl: Hún fór í viðtal ásamt Nönnu Briem á Rás 1 í janúar sem nefndist *Geðbrigði* og talaði um jafningjastarfsmenn og NsN úttektir. Hún kynnti geðveika starfsmenn ásamt Jóni Ara Arasyni í *Mannlega þættinum* í Rás 1 í apríl. Hún fór í viðtal í Samstöðinni í apríl, í vikulokin í Bylgjunni og á Rás 2 í október þar sem fjallað var um geðheilbrigðismál.

Ýmis verkefni: Hún tók þátt í að undirbúa NsN úttektir á LSH geðsviði þar sem fjórir jafningjastarfsmenn Hlutverkaseturs munu framkvæma. Hún sat fundi á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkur sem tengdust athvarfinu Vin ásamt fulltrúum þaðan. Hún sat samráðsfundi Norðurlandana Noregs og Svíþjóðar ásamt Eistrasaltslöndunum Eistlandi, Litháen og Lettlands í Parnu í Eistlandi í maí og fór til Þrándheims í Noregi í nóvember þar sem umræðuefnið var undirbúningur notendastarfsmanna í formi námskeiða eða náms.

Helga Ólafsdóttir og Sigurborg Sveinsdóttir: Tóku þátt í samráðsþingi um landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á vegum Félagsmálaráðuneytisins. Þær fóru á málþing Geðhjálp og Intentional Peer Support sem bar heitið *Er þörf fyrir samfélagsbreytingar? Nýjar leiðir til þess að hugsa um geðheilbrigðismál* í apríl. Þær sátu málþing Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins í júní „*Co-creating a better future*“ sem haldið var í tilefni af formennsku Íslands í Norræna ráðherraráðinu. Þar voru til umræðu helstu áskoranir í velferðarmálum og framtíð þjónustu við fatlað fólk.

Helga Ólafsdóttir: Hún hélt utan um viðburð á vegum Listar án landamæra í fjölnotasal Listasafns Reykjavíkur og bauð upp á Listasmiðjur. Hún var leiðbeinandi iðjubjálfanema frá heilbrigðisvísindasvið iðjubjálfunarbraut við HA. Hún var fulltrúi Hlutverkaseturs á fréttamannafundi í tengslum við List án Landamæra í þjóðleikhúsinu á haustmánuðum. Hún kynnti í september val Hlutverkaseturs á myndlistaverkum á Kjarvalsstöðum, sem nefndist *Örugg samvera veitir gleði*. Hún hélt kynningu í Bataskólanum fyrir nemendur þar og tók á móti starfsfólki og skjólstæðingum Virkniúss á vegum Reykjavíkurborgar.

Malva Valkyrja Gimeno, Sigurborg Sveinsdóttir, Jón Ari Arasón, Óskar Ögri Birgisson fóru á vikunámskeið í febrúar *IPS Core Training* á vegum Intentional Peer Support sem Traustur Kjarni er tengiliður fyrir. Þar lærðu þau að nýta sér reynslu sína af geðheilbrigðisþjónustunni sem starfsmenn. Í desember fóru Malva og Sigurborg á framhaldsnámskeið til að læra að þjálfra aðra og verða leiðbeinendur sem nefndist *Train the trainer*. Helge Snorri Seljeseth fór einnig á bæði námskeiðin en hann hefur tengst ýmsum verkefnum innan Hlutverkaseturs.

Malva Valkyrja Gimeno: Tók þátt í 20 tíma kennslu í táknmáli á íslensku á vegum Félags heyrnalausna með starfsfólki Bríetartúns sem hluta af samtarfi á milli staðanna.

Þakkir stjórnar

Meginmarkmið félagsins sem heldur utan um starfsemi Hlutverkaseturs er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu, styðja fólk til þess að ná tökum á hlutverkunum á ný eða uppgötva önnur með hugmyndafræði líkansins um iðju mannsins (MOHO) með áherslu á valdeflingu að leiðarljósi.

Hlutverkasetur hefur frá upphafi haft á að skipa afburða starfsfólki og hefur meirihluti þess haft notendareynslu í farteskinu. Það hefur með sínu vinnuframlagi og þekkingu mótað þá menningu sem ríkir í Hlutverkasetri þar sem hlúð er að umburðarlyndi, þolinmæði, valdeflingu og reisu. Hlutverkasetur hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem fyrirmynd fyrir aðra vinnustaði sem munu nýta sér fjölbreytt vinnuafli í framtíðinni.

Að lokum vill stjórn Hlutverkaseturs þakka öllu starfsfólki og sjálfboðaliðum fyrir þeirra vinnuframlag á árinu. Á sama hátt viljum við þakka samstarfsaðilum, sérstaklega Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg, og styrktaraðilum sem gera okkur kleift að halda úti starfsemi Hlutverkaseturs. Ekki síst viljum við þakka þeim sem sækja Hlutverkasetur heim en í Hlutverkasetri er unnið á jafningjagrunni þar sem skapaður er vettvangur þar sem fagfólk og notendur vinna saman á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Við metum mikils þess trausts og stuðninginn sem þátttakendur sýna Hlutverkasetri. Aldrei hafa félagsleg samskipti, tengsl, frjálssar ferðir og aðgengi verið mikilvægari en nú á tímum þar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir að einsemd og einmanaleiki sé alþjóðlegt lýðheilsuáhyggjuefni. Megi okkur bera gæfa til að styrkja enn starf Hlutverkaseturs og leggja þannig okkar af mörkum í þeirri baráttu.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar